

Almennar upplýsingar:

Nafn Veitur ohf.

Erindi nr. P-2020-04-20-0034

Kennitala 5012131870

Heimilisfang BÆJARHÁLSI 1

Póstnúmer 110

Símanúmer 5166000

Netfang veitur@veitur.is

Nafn forsvarsmanns (ef -
um fjöleignarhús er að
ræða)

Netfang tengiliðs Jon.Trausti.Karason@veitur.is

Greiðanda kennitala 5012131870

Greiðanda nafn Veitur ohf.

Greiðanda netfang or@or.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Naustavogur 15a

Umsækjandi er Eigandi / eigendur

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi

Stutt lýsing á erindi

Við hönnun nýrrar skólpdælustöðvar Veitna sem fyrirhugað er að rísi við Naustavog 15a, þá hafa orðið minniháttar breytingar sem óskað er eftir að rati inn í uppdrætti deiliskipulags. Þær breytingar eru eftirfarandi; *Landfylling við dælustöð *Færsla móttökubrunns á Gelgjutanga *Niðurgrafinn stöðveggur á horni lóðar 1-1 á Gelgjutanga Í viðhengi er greinargerð sem útlistar þessi atriði nánar, auk uppdrátta.

Meðfylgjandi gögn og
upplýsingar varðandi
umsókn – þar sem við á

Uppdrættir

Lýsandi nafn 19068-001.C10.006-1--ID-152966-.pdf
skjals

Lýsandi nafn 19068-001.C10.005-1--ID-145244-.pdf
skjals

Lýsandi nafn NAU-Stodveggur-BV1.pdf
skjals

Bréf til umsækjanda/hönnuðar

Lýsandi nafn
skjals

Svar_fyrirspurn-vegna-skolpdaelustodvar-vid-Naustavog-rg-FA.pdf

Greinagerð

Lýsandi nafn Minnisblad_Naustavogur_skipulagsuppfaersla.pdf
skjals

Já, haft verið samband við veitufyrirtæki
Skólpdælustöðin er á vegum fráveitu Veitna og hafa aðrar Veitur verið
upplýstar um framkvæmdina.

-

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Björn Ingi Edvardsson

Sendandi: Jón Trausti Kárasen f.h. Veitna

Dagsetning: 20. apríl 2020

Efni: **Naustavogur 15a, nú skólpdælustöð Veitna - Uppfærsla skipulagsupphráttar**

Í nóvember 2019 fór fram rýni á hönnunargögnum fyrir nýja skólpdælustöð Veitna, sem fyrirhugað er að rísi við Naustavog. Í rýninni komu fram vankantar á hönnuninni sem urðu þess valdandi að gera þurfti grundvallarbreytingar á henni, til þess að tryggja virkni og rekstraröryggi stöðvarinnar. Breytingarnar sem ráðist var í voru í grófum dráttum eftirfarandi;

- Þrýstuturn felldur út og í staðinn dælt beint yfir Arnarvoginn
- Tvær þrýstilagnir í stað einnar
- Uppfærsla á móttökubrunni á Gelgjutanga

Nú er hinni nýju hönnun að ljúka og hafa breytingarnar gert það að verkum að gildandi skipulagsupphráttir þarfnast lítilegra uppfærslna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim uppfærslum sem nauðsynlegar eru til þess að samræmi verði milli hönnunar og skipulags.

Landfylling aftan við skólpdælustöð

Stöðin stendur afar nærri fjörükambi Arnarvogs, og í ljós hefur komið að til þess að tryggja öryggi byggingarinnar þá er nauðsynlegt að fylla lítilega út í veginn aftan við hana. Um er að ræða tæplega 105 m² fyllingu, og sést umfang hennar betur á mynd 1 hér að neðan;




Mynd 1 – Umfang landfyllingar

Leitað var eftir umsögn Hafrannsóknarstofnunnar varðandi möguleg áhrif fyllingarinnar í voginum og í svari þeirra, dagsettu þann 14 apríl 2020, kemur fram að fyrirhuguð fylling muni ekki hafa „teljandi áhrif á lífríki vogsins eða á fiskstofna Elliðaáa“.


Nýr móttökubrunnur á Gelgjutanga

Í upphaflegu hönnuninn var gert ráð fyrir að steypur yrði gríðarstór og djúpur móttökubrunnur í fjöruborði Arnarvog við Gelgjutanga. Í framangreindri hönnunarrýni varð okkur ljóst að þetta fyrirkomulag kæmi seint til með að ganga. Í brunninum yrði mikil uppsöfnun fastra efna s.s. sands og blautklúta sem myndi hafa í för með sér títt og umfangsmikið þjónustustig við brunninn. Með breytingunum sem ráðist var í var hægt að minnka umfang brunnsins verulega og tryggja rekstrarhæfi kerfisins eins og frekast er unnt.

Breytingin felur í sér að brunnurinn færist innar í landið og verður staðsettur á helgunarsvæði milli lóða 1-1 og 1-2. Mynd 2 sýnir eldra fyrirkomulag móttökubrunnsins skv. gildandi deiliskipulagi, en á mynd 3 má sjá staðsetningu og umfang hins nýja brunns.




Mynd 2 – Móttökubrunnur skv. gildandi deiliskipulagi



Mynd 3 – Ný útfærsla móttökubrunns á Gelgjutanga

Stoðveggur við lóð 1-1

Á fundi með lóðarhöfum lóðar 1-1 kom í ljós skörun milli framkvæmda þeirra og Veitna á Gelgjutanga. Þar sem tenging nýju stöðvarinnar, uppsteypa móttökubrunns og niðurrif núverandi stöðvar eru síðust í framkvæmdaröð Veitna, verða byggingar á lóðinni risnar á þeim tímapunkti sem ráðist verður í þennan síðasta áfanga. Skörunin sem um ræðir felst í nálægð jarðvinnuframkvæmda Veitna við byggingar á lóðinni, og til þess að tryggja öryggi bygginganna þá verður komið fyrir niðurgrofnum stoðvegg á suð-austurhorni lóðarinnar (sjá nánar á mynd 4 að neðan).



Mynd 4 – Stoðveggur við lóð 1-1 og móttökubrunnur

Þar sem stoðveggurinn verður niðurgrafin, er óskað eftir því að tilvist hans sé skilgreind inni á uppdráttum, og að hans sé getið í skipulagsgögnum.

Samantekt

Til þess að tryggja sem best samræmi milli skipulagsgagna og þeirrar hönnunar sem unnið verður eftir við framkvæmdir á hinni nýju skólpdælustöð, er það ósk Veitna að þær breytingar sem fjallað hefur verið um í minnisblaði þessu rati inn í skipulagið. Frekari gögn munu fylgja tölvupóstinum sem inniheldur erindi þetta, og sé frekari útskýringa eða gagna óskað mun undirritaður kappkosta við að afla þeirra.

Virðingarfyllt

Jón Trausti Kárasón

Verkís hf
Hallgrímur Örn Arngrímsson
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Reykjavík, 14.04.2020

MFRI: 2020-03-0095

Efni: Fyrirspurn vegna skólpðælustöðvar við Naustavog


Vísað er til erindis Verkís hf dags. 30. mars 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um landfyllingu í Arnarvogi vegna byggingar nýrrar skólpðælustöðvar í Naustavogi. Landfyllingin mun verða um 560 m³ og verður gerð á eldri landfyllingu.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi kort ásamt teikningu að landfyllingunni. Ekki er talið að þessi afmarkaða landfyllingi hafi teljandi áhrif á lífríki vogsins eða á fiskstofna Elliðaáa. Hafrannsóknastofnun vill benda á að þessi landfylling er hluti af framkvæmdum við byggingu skólpðælustöðvar í Naustavogi. Ef fyrirhugaðar eru frekari framkvæmdir í tengslum við skólpðælustöðina sem þarfnast umsagna, t.d. lagnir að og frá stöðinni, væri ákjósanlegra að þær væru afgreiddar sem ein heild. Umhverfisáhrif einstakra framkvæmda geta verið hverfandi en samlegðaráhrif margra slíkra framkvæmda geta hins vegar verið umtalsverð.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir



SKÝRINGAR

Teikning sýnir deiliskipulagsgrunn frá
Teiknistofunni Tröð dags. 2019-05-28
með tillögu að landfyllingum vegna nýrrar
skólpælustöðvar.



SAMPYKKT:


1 2020.04.17 TIL UPPLÝSINGA JIJ JIJ HOA

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RYNT SAMP

Vogabyggð, Reykjavík
Skólpælustöð við Naustavog

Grunnmynd

VERKFANG 19068 TEIKNING 001.C10.006 1



SKÝRINGAR

Teikning sýnir deiliskipulagsgrunn frá
Teiknistofunni Tröð dags. 2019-05-28
með tillögu að landfyllingum vegna nýrrar
skólpðelustöðvar.



SAMÞYKKT:
1 2020.03.06 TIL UPPLÝSINGA JIJ JIJ HOA
ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RYNT SAMÞ

Vogabyggð, Reykjavík
Skólpðelustöð við Naustavog

Grunnmynd

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

VERKFANG 19068 TEIKNING 001.C10.005 1

STEINSTEYPUVIRKI

Framkvæmdakröfur skv. ÍST EN 1990-2002+NA:2011
Aðleiðingaflokkur : CC1
Eftirlitsflokkur : Eigið eftirlit
Framkvæmdaeftirlitsflokkur : Eigið eftirlit


Krafa til steyptra mannvirkja skv. ÍST EN 13670:2009
Framkvæmdarflokkur : EXC 1
Frávíkisflokkur : 1

Krafa til steinsteypu skv. ÍST EN 206-1:2013
Áreitissflokkur : XC2 - - -
Styrkleikaflokkur : C30/37
Klóríð innihaldsflokkur : Cl 0.2

Krafa til járnþendingar skv. ÍST NS 3576
Stálgaði bendistáls : B500C
Stálgaði bendinets : B500A
Suðuvinnna á bendistáli skal vera skv. ÍST EN ISO 17660-1:2006

Krafa til steypuhulu skv. ÍST EN 1992-1-1:2004+NA:2010
Skilgreind steypuhula Cnom : 40
Leyfð frávik frá skilgreindri steypuhulu ± 10mm

Skeytlengdir járna skv. ÍST EN 1992-1-1:2004+NA:2010
þar sem ekki annað er tilgreint.
Skeyting ≥ Fjórða hver stöng : 43Ø
Skeyting = Þriðja hver stöng : 49Ø
Skeyting = Önnur hver stöng : 59Ø
Skeyting = Hver stöng : 64Ø



- Svo að aðliggjandi skeytingar teljist ekki með, skulu fjarlægðir milli skeytinga vera minnst 0.3xskeytillengd.
- Ø = Þvermál bendistáls.


Tilvísanir:
Teikning XXX-VRK-YYYY - Möttokubrunnur

FORSENDUR HÖNNUNAR

- Gert er ráð fyrir 2 hæða byggingu við hlið stoðveggjar.
- Gert er ráð fyrir að botn sökkuls byggingar sé á 1,0m dýpi undir endanlegu yfirborði.
- Gert er ráð fyrir að fjarlægð milli útbrúnar sökkuls og stoðveggs sé að lágmarki 1,0m.
- Gert er ráð fyrir að dýpi á klöpp sé 5,0m.
- Gert er ráð fyrir að fleygað sé í klöpp til að mynda stöllun í stoðvegg. Lengd á hverjum stalli getur verið breytileg.
- Gert er ráð fyrir að þykkt fyllingar ofan á topp stoðveggs sé ca. 0,5m.
- Þ.a. mesta leyfileg heildarhæð stoðveggs er 4,5m.
- Fótiplata stoðveggs skal staðsett a.m.k. 1,0m frá klapparbrún. Annars þarf að styrkja klöppina.

Ef ofangreindar forsendur breytast skal haft samband við hönnuð.

TIL UPPLÝSINGA








Útg.	Dags.	Lýsing	Han./Yfir./Samb.



Verkfang: 19068
Teiknað: JHÖ
Hannað: JHÖ
Yfirfarið: -
Samþykkt: -
Kvarði: 1:20

Vogabyggð, Reykjavík
Skólpælustöð við Naustavog
Burðarvirki - Stoðveggur BV1
Yfirlitsmynd og snið





Hluti gildandi deiliskipulags

Breyting samþykkt í Skipulags- og samgönguráði 4. 9. 2019

Löð skólpæðlustöðvar stækkar um 150m² og verður 1.050m² (var 900m²) og athafnar svæði smábáta minnkað 25.415m² (var 25.555m²). Mannvirkir skólpæðlustöðvar stækkar að flatarmáli, verður um 500m² (var 300m²) og rúmmáli, hæð þess getur orðið um 9m hátt frá jörðu (var um 4m og 8m turn). Skilgreind er ný kvöð utan löðar skólpæðlustöðvar um grafrarétt, landmótun og göngustig við löð skólpæðlustöðvar.

Rök

Við fullnaðarhönnun skólpæðlustöðvar kom í ljós þörf fyrir stærra mannvirki og öryggiskröfur fyrir gölfkóta kalla á landmótun sem nær út fyrir löð vegna þjónustuaðgengis bíla.

Nýjir skilmálar




8.2 Stofnlagnir fráveitukerfis og skólpæðlustöð

„Heimilt er að byggja á löðinni skólpæðlustöð, tvær hæðir að hluta auk þróar, allt að 500m² að stærð. Þröin verður allt að 11-12m djúp og hæð hússins um 9m frá yfirborði. Vegna framkvæmda við skólpæðlustöð er kvöð á aðliggjandi löð um grafrarétt og landmótun fyrir aðgengi bíla. Skólpæðlustöð skal búið viðeigandi mengunarvarnarbúnaði og hávaði skal ekki fara yfir leyfleg gildi fyrir íbúðarbyggð.“

.....

(Að öðru leiti gilda áður gerðir skilmálar. Breytingar eru merktar með rauðum texta.)

Tillaga að skólpæðlustöð



Tillaga að breytingu deiliskipulags

Hverju er breytt:

Landfylling vestan skólpæðlustöðvar stækkuð um 105m².

Rök

Skólpæðlustöðin stendur afar nærri fjörubambí. Til þess að tryggja öryggi byggingarinnar er nauðsynlegt að auka við landfyllinguna, 105m². Leitað var eftir umsögn Hafnarsóknarstofnunar varðandi möguleg áhrif fyllingarinnar. Svar Hafnarsóknarstofnunar dagsett 14. apríl 2020 kemur fram að fyrirhuguð fylling mun ekki hafa „teljandi áhrif á lífríki vogsins eða fiskistofna Elliðaáa“

Nýjir skilmálar

8.1 Landmótun og landfyllingar


.....

„Heimilt er að koma fyrir um 105m² landfyllingu vestan skólpæðlustöðvar til að tryggja öryggi byggingarinnar og hækka land á löð skólpæðlustöðvar. Landmótun í tengslum við skólpæðlustöð skal ekki raska aðgengi að byggingum og athafnasvæði smábátahafnar.“

.....


(Að öðru leiti gilda áður gerðir skilmálar. Breytingar eru merktar með rauðum texta.)

Skýringarmynd: Landfylling við skólpæðlustöð



Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Stærð lóðar í fernetrum (ný löð)
- Hámarksbyggingarmagn
- Fyrirliggjandi hús
- Almenningsrými
- Göngu-hjólalbrú (skv. AR2010-2030)
- Stígur umferð gangandi / hjólandi
- Akbraut
- Göngupallar við Háubakka
- Hjólarein
- Malarstígur
- Akrein í samrými
- Aðstaða báta á landi afgirt
- Bílastæði, leiðbeinandi
- Hjólastæði, leiðbeinandi
- Dreifistöð rafmagns
- Pakkóti
- Nýjar hæðarlínur
- Friðlýstar náttúrumínjar (Háubakkar)
- Helgunarsvæði stofnlagnar





Svæði 5 er hluti af hverfinu Vogabyggð og þjónar því sem skóla- frístunda- og útivistarsvæði. Það er skipulagt fyrir samfélagsþjónustu eins og leik- og grunnskóla og strandsvæði með smábátahöfn, opnu svæði og stígum til frístunda, útivistar og náttúruupplifana.

Stefna og markmið

Skipulag Vogabyggðar vinnur með samspil þéttar byggðar og opinna svæða ásamt því að vernda einstök svæði vegna jarðfræði, minja, lífríkis eða annarra þátta sem einkenna þau og gefa þeim sérstöðu í borginni.

Helstu þættir deiliskipulags fyrir Vogabyggð svæði 5 eru:

- Hluti svæðisins er tekinn í notkun fyrir leik- og grunnskóla sem þjónar íbúum Vogabyggðar.
- Ný brúartenging milli aðaltorgs Vogabyggðar, Vörputorgs, og skólsvæðis á Fleyvangi.
- Skilgreind löð fyrir skólpæðlustöð.
- Smábátahöfn stækkuð til norðurs og flotbyggjur lengdar.
- Félagssvæði Snarfara endurskipulagt, skilgreind ný löðarmörk og byggingarreitur fyrir verkstaði og nýtt félagsheimili / þjónustuhús, afmörkuð afgirt athafnasvæði á landi.
- Naustavogur færður í nýtt vegstaði.
- Almenn bílastæði fyrir skóla, smábátahöfn og útivistarsvæði.
- Stígar og opið grænt svæði.
- Háubakkar, friðlýst náttúruvætti, varðveisla og aðgengi.



Útg. Skýring 00 Deiliskipulagsbreyting B01

Dags. Teikn. Yfirt. 150819 sm. 100819 sm. 100819 sm.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á

þann _____20____.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt. Þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____20____.

Vogabyggð 5

Efni : Deiliskipulagsuppráttur

Breyting

Kortagrunnur : LUKR - 3 12 2014

Mælikvarði : 1:1000-A1 1:2000-A3

Deiliskipulagsbreyting B02

Dagsetning : 25 05 2020

Teikningarnúmer : 4180 S0451

Útgáfa : 00

Teikning 1



Skipulagshöfundar:

jvantspijker

Urbanism Architecture Research bv

REALIZING HAPPY ENVIRONMENTS

felixx

Teiknistofan TRÖÐ

Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • S: 512 4200 • www.tst.is • info@tst.is